

## Greinargerð vegna vinnslu og útgáfu losunarleyfis fyrir PCC BakkiSilicon hf.

PCC BakkiSilicon hf. hyggst hefja rekstur kísilverksmiðju á Bakka við Húsavík í sveitarfélaginu Norðurþingi og mun verksmiðjan búa yfir allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu á ári. Fyrirhuguð framleiðsluvara er  $\geq 98,5$  % hreinn kísill. PCC BakkiSilicon hf. er hér eftir nefndur rekstaraðili.

Fyrirhuguð verksmiðja er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfi rekstaraðila var gefið út þann 8. nóvember 2017 hjá Umhverfisstofnun.

Skv. 8. gr. laga 70/2012 um loftslagsmál er fyrirtækjum sem getið er í viðauka I gert skylt að hafa losunarleyfi. Starfsemi rekstaraðila fellur undir framleiðslu eða vinnslu á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðslu á málmblöndum, hreinsun, steypumótun o.s.frv., þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli (þ.m.t. eldsneyti sem er notað sem afoxunarefni) sem er yfir 20 MW, eins og getið er í viðauka I.

Samkvæmt 2.mgr. 8.gr. ber Umhverfisstofnun að gefa út losunarleyfi innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst að því gefnu að allar upplýsingar hafi borist, að rekstaraðili sé fær um að vakta losun frá starfsstöð sinni og gefa um hana skýrslu skv. 3.mgr. 13.gr. l. nr. 70/2012.

Umsókn rekstaraðila um losunarleyfi barst Umhverfisstofnun 12. september 2016. Umhverfisstofnun bárust fyrstu drög að vöktunaráætlun vegna losunar gróðurhúsalofttegunda rekstaraðila í janúar 2017, unnin skv. lögum 70/2012 um loftslagsmál og reglugerð 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ásamt viðeigandi leiðbeiningarskjölum framkvæmdastjórnar ESB. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari gögnum frá rekstaraðila og uppfærslu á drögum að vöktunaráætlun sem bárust stofnuninni næstu mánuði eftir því sem yfirferð málsins krafðist.

Umhverfisstofnun kynnti sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna starfsemi rekstaraðila dags. 3. júlí 2013, að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Í matsskýrslu Skipulagsstofnunar kemur fram að framleiðsla kísilmálms í fyrirhugaðri verksmiðju rekstaraðila komi til með að losa árlega um 181.500 tonn koldíoxíðs skv. 1. áfanga og 363.000 tonn koldíoxíðs skv. 2. áfanga. Þetta mat er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í vöktunaráætlun fyrirtækisins vegna losunar gróðurhúsategunda.

Í mati Skipulagsstofnunar kemur fram að starfsemin muni auka nokkuð heildarlosun Íslands af gróðurhúsalofttegundum. Skipulagsstofnun telur því að áhrifin af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda verði nokkuð neikvæð. Samkvæmt lögum 70/2012 um loftslagsmál ber rekstaraðila að gerast aðili að viðskiptakerfi Evrópusambandsins sem hefur það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



Losunarleyfi fyrir  
PCC BakkiSilicon hf.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að tryggja rétta framkvæmd viðskiptakerfisins á Íslandi og að farið sé að reglum um vöktun og skýrslugerð og skil á losunarheimildum sem þátttaka í kerfinu krefst. Umhverfisstofnun hefur því tekið tillit til álits Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum starfseminnar við útgáfu losunarleyfisins.

Gagnaöflun var endanlega lokið þann 31. janúar 2018. Hafa því borist fullnægjandi upplýsingar skv. reglugerð 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimidir, en sú reglugerð innleiðir í íslensk lög reglugerð Evrópusambandsins 601/2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina.

Umhverfisstofnun hefur farið ítarlega yfir gögnin sem þykja sýna að rekstaraðili sé fær um að vakta losun frá starfstöð sinni og gefa um hana skýrslu líkt og kveðið er á um í 8. gr. laga 70/2012 um loftslagsmál.



Anna Sigurveig Ragnarsdóttir  
sérfræðingur



Lilja Ólafsdóttir  
lögfræðingur